

## Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um aukin gatnaþrif í Reykjavík

Lagt er til að gatnaþrif verði aukin í Reykjavík í því skyni að bæta hreinlæti í borginni og draga úr svifryksmengun. Stofnbrautir og tengigötur verði þvegnar a.m.k. nokkrum sinnum á ári til viðbótar hefðbundinni götusópun.

### Greinargerð

Mikil óhreinindi eru að jafnaði á götum Reykjavíkur í lok vetrar. Í þurrviðri þyrlast gjarnan upp rykmökkur á fjölförnum umferðargötum. Þar á meðal er svifryk, fínasta gerð óheilnæmra rykagna, sem á greiða leið í öndunarfæri borgarbúa. Auk slíkrar mengunar hefur rykmökkurinn sjónmengun í för með sér. Þá geta ryk og sandur á götum og stígum einnig skapað slysaþættu í umferðinni, ekki síst meðal hjólandi vegfarenda.

Svifryk mælist reglulega yfir heilsuverndarmörkum í Reykjavík. Við slíkar aðstæður er mælt með því að einstaklingar með viðkvæm öndunarfæri eða astma haldi sig fjarri fjölförnum umferðargötum þar sem ryk safnast gjarnan fyrir.

Sérfræðingar benda á að í þessu sambandi skipti það miklu máli að standa vel að gatnaþrifum, bæði sópun og vatnsþvotti. Þá er unnt að draga úr mengun með því að binda rykið með sérstökum efnum sem minnka svifryk í lofti. Margt bendir til að í baráttunni við svifryk felist besta forvörnin í því að leggja meiri áherslu á þessi tvö atriði: reglulegan vatnsþvott og rykbindingu.

Í mörgum erlendum borgum eru götur þvegnar mánaðarlega og jafnvel oft og áhersla einnig lögð á rykbindingu með sérstökum efnum. Rétt er að líta til reynslu slíkra borga þegar ákveðið er hvernig standa skuli að málum í Reykjavík.